

**Sp.**

**469. Framhaldsnefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar.

Tilgangurinn með breytingartillögum Alþýðuflokksins er að draga úr háskalegum verðbólguáhrifum af hallarekstri í ríkisbúskapnum og tryggja þannig, eftir því sem tók eru á, að ríkisvaldið standi við sinn hlut vegna nýgerðra kjarasamninga.

Þetta er gert með því að

1. afla meiri tekna,
2. takmarka skattvilknanir fyrirtækja í góðærinu,
3. dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu,
4. draga úr millifærslum til atvinnuvega,
5. byrja á kerfisbreytingu í ríkisrekstri með því að leggja niður óþarfar ríkisstofnanir og ætla öðrum meiri sértekjur, frá miðju næsta ári,
6. draga úr erlendum lántökum ríkissjóðs.

Yfirlit yfir tillögur fer hér á eftir:

**Yfirlit um fjármál ríkissjóðs samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.**

	Pús. kr.
1. Tekjur skv. tillögum meiri hl. ....	43 029
+ Stigbreytilegur eignarskattsauki, félög .....	400
+ Tekjuskattur, félög .....	700
+ Viðbótarhagnaður ÁTVR .....	250
+ Hækkun launaskatts (0,5%) .....	300
<b>Heildartekjur skv. tillögum Alþýðuflokksins .....</b>	<b>44 679</b>
2. Gjöld skv. tillögum meiri hl. ....	45 831
÷ Lækkun útflutningsbóta .....	÷ 200
÷ Kerfisbreytingar, sparnaður .....	÷ 300
<b>Heildargjöld skv. tillögum Alþýðuflokksins .....</b>	<b>45 331</b>
3. <b>Rekstrarhalli (1÷2) .....</b>	<b>÷ 652</b>
<i>Lánahreyfingar:</i>	
Afborganir .....	3 410
÷ Innheimtar afborganir .....	÷ 1 980
Veitt lán .....	1 420
Hlutfjárframlög .....	80
Viðskiptareikningar, nettóútsreymi .....	300
<b>Lánsfjárförf, brúttó .....</b>	<b>3 882</b>
<i>Lántökur:</i>	
Spariskírteini .....	1 500
Innlend lán frá bönkum .....	1 650
Erlend lán .....	800
<b>Greiðsluafgangur .....</b>	<b>68</b>

**Tillögurnar skýra sig að mestu leyti sjálfar. Þó skal eftirfarandi tekið fram:**

1. **Aukin skattlagning á félög í tekjuskatti og eignarskatti** styðst við augljós rök í einstöku góðæri sem færir fyrirtækjum stórbætta afkomu. Þetta á að gera með því að skerða skattívilnanir fyrirtækja um ca. 70%. Þetta á við um margvíslega frádráttarliði, fyrningar, afskriftir og skattfrjáls framlög í fjárfestingarsjóði. Með því að hækka neikvæðar viðmiðunartekjur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri (nú innan við 20 þús. á mán.) og skerða ökutækjastyrki (sem nema um milljarði) gefst ráðrúm til að framkvæma tillögur Alþýðuflokksins um lækkun á skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga og lækka þannig tekjuskatt þeirra um ca. 420 m.kr.
2. **Með kerfisbreytingu í ríkisrekstri er átt við**
  - að færa útgjöld vegna ríkisrekkinna þjónustustofnana atvinnuvega til atvinnuveganna sjálfra og samtaka þeirra,
  - að ríkisstofnanir afli aukinna verkefna með sölu á sérfræðiþekkingu og þjónustu,
  - að óþarfar ríkisstofnanir verði lagðar niður og nokkur ríkisfyrirtæki seld.
3. **Heildaráhrif þessara tillagna eru:**
  - a. Með aukinni tekjuöflun og niðurskurði útgjalda er hallarekstur ríkisins minnkaður um ca. 2 milljarða — verður 652 m.kr.
  - b. Lánsfjárförf ríkisins verður 800 m.kr. í stað 1700 m.kr. í erlendum lánnum — hún lækkar um 900 m.kr.

Með því að samþykkja þessar tillögur mundi meiri hl. Alþingis sýna vilja sinn í verki til þess að standa við gefin fyrirheit í framhaldi kjarasamninga um að hamla gegn verðbólgu og þenslutilhneigingu í þjóðarbúskapnum.

Alþingi, 19. des. 1986.

Karvel Pálmason.